

## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. 25.5.2023

Gildi leggur fram eftirfarandi bókun sem sjóðurinn óskar eftir að gera grein fyrir á fundinum undir dagskrárlið 3 ásamt því að óskað er eftir því að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

### Dagskrárliður 3 og 7 – Breytingar á samþykktum félagsins og samþykki starfskjarastefnu félagsins

Gildi-lífeyrissjóður hyggst samþykkja þá breytingu á samþykktum félagsins sem heimilar stjórn að hækka hlutfé félagsins fram til 2028 í þeim tilgangi að standa við þegar gerða kaupréttarsamninga við starfsmenn. Þrátt fyrir framangreinda afstöðu telur Gildi rétt að koma á framfæri athugasemdum við þá framkvæmd stjórnar að veita kauprétti án þess að fyrirbyggjandi hafi verið að mati Gildis fullnægjandi heimild í samþykktum félagsins. Betur hefði farið á því að óska fyrst eftir heimild hluthafafundar um útgáfu hlutabréfa áður en veiting kaupréttar hefði farið fram.

Þá hyggst Gildi sitja hjá við afgreiðslu á starfskjarastefnu félagsins og hvetur stjórn félagsins til að endurskoða hana fyrir næsta aðalfund félagsins. Að mati Gildis ættu hluthafar að taka afstöðu til helstu skilmála kaupréttar eða annarra hlutabréfatengdra réttinda og forsendna um áætlaðan kostnað félagsins vegna þeirra áður en slík réttindi eru veitt. Rétt væri að starfskjarastefna félagsins hefði að geyma ákvæði í þá veru. Þá yrði kaupréttarkerfi hverju sinni, heildarumfang þess, kostnaður, úthlutunarreglur og helstu skilmálar, s.s. um nýtingartímabil, nýtingarverð og fleiri atriði, síðan hverju sinni lagt fyrir hluthafafund til samþykktar áður en til úthlutunar kæmi. Samhliða yrðu lagðar fram tillögur um viðeigandi heimildir í samþykktum til hækkunar hlutafjár.

Þá telur Gildi eðlilegt að félagið upplýsi hluthafa sína um framkvæmd starfskjarastefnu þess í aðdraganda aðalfundar hverju sinni og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund, s.s. með gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu eða öðrum sambærilegum hætti sem rökstyður greiðslur til stjórnenda og ástæður fyrir breytingum á milli ára, sundurliðun á þeim eftir tegund (s.s. föst laun, árangurstengdar greiðslur, o.fl.) og ástæður fyrir greiðslu breytilegra launa eða kaupréttar. Beinir sjóðurinn því til félagsins að taka upp slíkt verklag frá og með næsta aðalfundi félagsins.

**25. maí 2023**  
**Gildi-lífeyrissjóður**